

Tilmæli 19/2023

Tillaga

Afgreiðsla

A 1874/hállbart

Norræna sjálfbærnefndin

## Nefndarálit um svar við tilmælum 19/2023 um norrænt loftlagsbandalag (A 1874/hállbart)

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 19/2023 um norrænt loftlagsbandalag til greina og álit *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

### Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að fylgja eftir norrænni yfirlýsingu um kolefnishlutleysi með samnorrænni loftslagsstefnu.

### Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Síðan yfirlýsing um kolefnishlutleysi var samþykkt forsætisráðherrum Norðurlandanna árið 2019 hafa Norræna ráðherranefndin og Norðurlönd fylgt yfirlýsingunni eftir með sérstökum verkefnum og ráðherraýfirlýsingum sem hafa dýpkað norræna samstarfið.

Norræna framtíðarsýnin um að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030 felur í sér markmið um að starfa saman að kolefnishlutleysi (markmið 1). Því má segja að framtíðarsýnin og margra ára framkvæmdaáætlanirnar séu eðlilegt skref með beinum aðgerðum á þeim sviðum sem getið er á um í yfirlýsingunni. Skýrasta dæmið um þetta eru aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum, atvinnumálum og orkumálum sem stuðla að þeim sviðum norræns samstarfs sem nefnd eru í yfirlýsingunni.

Sérstakt margra ára verkefni er í gangi innan sviðs umhverfis- og loftslagsmála, Loftslagsumskipti á Norðurlöndum, sem var sett á laggirnar til að fylgja eftir norrænu yfirlýsingunni um kolefnishlutleysi. Verkefnið hefur verið í gangi frá árinu 2021 og á vegum þess hafa ýmsar aðgerðir verið teknar til að auka umræður og greina svið sem eru sérstaklega mikilvæg frá norrænu sjónarhorni til að flýta fyrir umskiptunum yfir í kolefnishlutleysi. Árið 2023 var útbúin greinargerð sem kölluð er „Nordic Stocktake“ og snýr að því hvernig norrænu ríkjunum gengur að ná eigin markmiðum um loftslagshlutleysi og hvernig hugmyndir um loftslagshlutlaust norrænt samfélag framtíðarinnar geta litið út. Í verkefninu voru einnig



skilgreind svæði þar sem möguleiki er á auknu norrænu samstarfi sem fylgt verður eftir á árinu 2024. Eitt mikilvægt verkefni er að kynna hvernig græn umskipti geta stuðlað að betra hversdagslífi fyrir íbúa Norðurlanda.

Nýlega samþykktu umhverfis- og loftlagsmálaráðherrarinnir yfirlýsingu fyrir fund aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna á COP28 sem gerði grein fyrir því hvernig norrænu umhverfis- og loftlagsmálaráðherrarinnir munu fylgja eftir tilmælunum frá Nordic Stocktake-verkefninu sem lýst er í heild í síðustu grein yfirlýsingarinnar, en tengill á yfirlýsinguna er <https://www.norden.org/is/node/84462hér>. Svið umhverfis- og loftslagsmála hefur einnig, vegna væntanlegrar framkvæmdaáætlunar fyrir árin 2025-2030, greint norrænt markmið um sameiginlega vinnu að kolefnishlutleysi.

*Norræna ráðherranefndin telur þar með að orðið hafi verið við tilmælunum.*

## **Sjónarmið nefndarinnar**

Nefndin veitir því athygli að í svari Norrænu ráðherranefndarinnar yfirlýsingunni um kolefnishlutleysi hefur verið fylgt eftir með sérstökum verkefnum og ráðherryfirlýsingum sem hafa dýpkað norræna samstarfið enn frekar. Nefndin vill gjarnan að þetta verði útfært nánar og vill einnig benda Norrænu ráðherranefndinni á að hún hefur áhuga á að vera upplýst um útfærslu yfirlýsingarinnar.

Nefndin fagnar því að verið er að gera áætlanir um að væntanleg framkvæmdaáætlun fyrir árin 2025-2030 skuli innihalda norræn markmið um að efla norrænt samstarf um kolefnishlutleysi og mælir með því að framkvæmdaáætlunin fylgi, bæði að því er varðar aðgerðir og starfsemi, ráðleggingum ráðgjafanefndar ESB um loftlagsbreytingar (European Scientific Advisory Board on Climate Change) um nýtt loftslagsmarkmið um að ESB-ríkin hafi árið 2040 minnkað losun gróðurhúsalofttegunda um 90% miðað við árið 1990.

Að lokum leggur nefndin áherslu á mikilvægi þess að verkefni og aðgerðir, þar á meðal tilraunaverkefni, verði einnig innleidd og útfærð sem aðgerðir sem leiða til raunverulegrar minnkunar losunar á Norðurlöndum og leggur til að Norræna ráðherranefndin fylgist náið með þróun þeirra.

Þórshöfn hinn 8. apríl 2024

*Tove Elise Madland (A)*  
*Karin Gaardsted (S)*  
*Johan Andersson (S)*  
*Åsa Karlsson (S)*  
*André N. Skjelstad (V)*  
*Anna Falkenberg (sb)*  
*Rebecka Le Moine (MP)*

*Bella Forsgrén (gröna)*  
*Heikki Autto (saml)*  
*Lene Westgaard-Halle (H)*  
*Marianne Bigum (SF)*  
*Lars Andersson (SD)*  
*Staffan Eklöf (SD)*  
*Himanshu Gulati (FrP)*